

Hvernig valdirðu sérgrein þína? Hvar læðir þú og hvaða ráð viltu gefa ungum læknum?

Nepobaby sem elti pabba sinn

Ég ákvað í menntaskóla að verða læknir enda dóttir og sonardóttir tveggja slíkra. Átti reyndar líka langafa sem var læknir og get rakið ættir mínar til Sveins Pálssonar landlæknis. Alvöru nepobaby. Eftir eins árs frí eftir stúdentspróf hóf ég nám við Læknadeild HÍ 1993. Ég var opin fyrir flestum klínískum fögum en eftir barnakúrsinn á fimmta ári ákvað ég að verða barnalæknir. Strax eftir kandidateildinni hóf ég störf á Barnaspítala Hringins. Þar kynntist ég mörgum góðum læknum og fyrirmyndum, bæði af gamla skólanum og ungum ferskum sérfræðingum nýkomnum heim. Barnaspítali Hringins var (og er) skemmtilegur vinnustaður með góðum anda og fjölda lærdómstækifæra fyrir unga lækna. Ég mæli eindregið með tveggja ára sérnáminu sem boðið er uppá á Barnaspítalanum áður en haldið er til útlanda. Ég var á þrískiptum sólahringsvöktum mest allan deildarlæknatímamann og þá þurfti maður iðulega að vera mikið á Vökudeildinni enda var á þeim tíma engin bundin vakt nýburalæknis heldur einungis bakvakt heima. Til allrar hamingju hefur þetta breyst á seinni árum og nú er nýburalæknir ávallt í húsi á Barnaspítalanum.

Ég fluttist til Skánar í Svíþjóð 2004 og hóf sérnám í barnalækningum í Malmö. Hættulegheit borgarinnar eru stórlega ýkt og þar er bæði frábært að vera og læra. Íbúar Malmö koma frá öllum heimshornum og ungt fólk og börn eru í meirihluta þannig að næg verkefni voru fyrir ungan tilvonandi barnalækni. Mér hefur oft komið spáskt fyrir sjónir orðspor Malmö, að þar vaði glæpagengi uppi og enginn sé öruggur. Það rímar afar illa við raunveruleikann enda Malmö frábær borg í alla staði. Þar er mjög gott að ala

upp börn og stutt til meginlandsins, sem við nýttum vel á meðan á dvöl okkar stóð.

Þegar ég kom til Malmö var ég ekki ákveðin í undirsérgrein. Það ríkti skortur á nýburalæknum á þeim tíma og þjálfun mín á Vökudeildinni á Íslandi gerði það að verkum að ég var fljótlega fengin á neo í Malmö. Það var því hrein tilviljun að neo varð fyrir valinu.

Eftir tvö frábær ár í Malmö var komið að undirsérgrein í nýburalækningum í Lundi. Lundur sinnir veikum nýbur-



Snjólaug og Júlíus með litlum skjólstæðingi á vökudeild. Mynd Anna Ír og Erla Hlíf hjúkrunarfræðingar á Vökudeild. Birt með leyfi Destiny, móður barnsins. Mynd/laðsend

„Ég var opin fyrir flestum klínískum fögum en eftir barnakúrsinn á fimmta ári ákvað ég að verða barnalæknir. Strax eftir kandidateildinni hóf ég störf á Barnaspítala Hringins.“



Snjólaug Sveinsdóttir
nýburalæknir

um sem þarfnast gjörgæslu frá Suður-Svíþjóð en þar er einnig miðstöð hjartalækninga í Svíþjóð ásamt Gautaborg og miðstöð barnaskurðlækninga í Svíþjóð ásamt Stokkhólmi. Það má því með sanni segja að ég hafi verið komin á besta stað til að læra nýburalækningar. Á nýburadeildinni í Lundi var einvalalið nýburalækna og hjúkrunarfræðinga. Deildin er ein sú besta í Svíþjóð og mikil áhersla lögð á einstaklingsmiðaða nálgun sjúklunga.

Ég varð nýburalæknir 2008 og ári síðar hóf ég doktorsnám. Rannsóknir mínar snérust um heilablæðingar fyrirbura. Ég var partur af frábærum rannsóknarhóp og rannsóknir hópsins hafa skilað sér í auknum skilning á meingerð heilaskemmda eftir heilablæðingar. Þegar ég hóf doktorsnám þá var ég orðin nýburalæknir og búin að vinna sem slíkur í tvö ár. Ég held að fyrir lækna sem hafa áhuga á sjúklungum þá sé sú leið betri en að taka doktorsnám samhliða klínísku námi. Hættan við það er að maður verður góður í hvorugu.

2015 hóf ég störf á Vökudeild Barnaspítala Hringins eftir 11 góð ár á Skáni. Vökudeildin tók mér opnum örmum og betri vinnustað er ekki hægt að hugsa sér. Þar er valinn maður í hverju rúmi, hvort sem er á hjúkrunarvængnum eða læknavængnum.

Nýburalækningar eru spennandi sérgrein þar sem gjörgæsla mætir barnalækningum. Ég hef aldrei séð eftir mínu vali.

Lengri og persónulegri pistill Snjólaugar mun birtast í vefútgáfu blaðsins.

Á rétttri hillu

Ég á erfitt með að orða af hverju ég valdi nýburalækningar, fyrir mér er þetta svo sjálfsagt val að ég get varla ímyndað mér að ég hefði getað valið nokkra aðra sérgrein. Þó vissi ég nánast ekki af tilvist hennar þar til á 5. ári í læknisfræði.

Ég vissi reyndar ekki að ég vildi verða læknir fyrr en á síðasta ári í menntaskóla, en vildi á þeim tíma endilega búa erlendis og sótti því um læknisfræði í Kaupmannahöfn. Sökum þess að ég hafði hvorki þolinmæði né metnað fyrir fögum sem mér fundust tilgangslaus voru einkunnir mínar úr menntaskóla ekki nógu góðar til þess að komast beint þar inn. En í þá daga var hægt að sækja um „bakdyraleið“ sem byggðist á annars konar verðleikum og fluttist ég því til Danmerkur til að vinna við öldrunarþjónustu. Í skemmstu máli má segja að sá tími hafi innihaldið mátulegar þjáningar, erfiði og ýmiss konar lærdóm (meðal annars að elda hafragraut og kveikja upp í kamínu) og var þetta góður skóli lífsins. Ég komst á endanum ekki inn í læknisfræði í Kaupmannahöfn, en sótti inn-tökupróf að sumri og við tók læknadeild HÍ haustið 2007. Það reyndist mér mikið gæfuspor í lífinu.

Það var eitthvað sem small við fyrstu kynni mín af barnalækningum, ég fann að ég var kominn á réttan stað. Kennslan var góð, mórallinn frábær, spennandi vandamál og ekkert mál að útskrifa sjúklingana heim. Ég byrjaði strax eftir kandiðatsár sem deildarlæknir á barnspítalanum og fannst fljótt nýburalækningar ákaflega heillandi, líkt og mörgum deildarlæknum sem voru samferðafólk mitt. Metnaður fyrir kennslu á Vökudeildinni var mikill, bæði í fræðum og praktískum atriðum, sem lagði góðan grunn að sér-

námi erlendis. Ég fékk að framkvæma blóðskipti á nýbura sem deildarlæknir, þau fyrstu sem höfðu verið gerð í um áratug. Þetta þótti okkur deildarlæknum á þeim tíma afar spennandi (sérstaklega Möggu), en ég komst að því (eins og allir sem framkvæma blóðskipti) að þetta verður afskaplega leiðinlegt afskaplega fljótt. Ég hef í kjölfarið sem sérfræðingur reynt eftir fremsta megni að leyfa deildarlæknum að njóta þessara lærdómstækifæra þegar þau gefast.

Ég átti góðar fyrirmyndir sem deildarlæknir á Vökudeildinni. Allt samstarfsfólk mitt á þeim tíma kenndi mér eitthvað, bæði beint og óbeint, en fátt hefur nýst mér betur en þegar Sveinn Kjartansson kenndi mér að drekka kaffi! Það var margt sem heillaði við nýburalækningar, svo sem mátulega mikið af fínlegum inngrípum, skemmtileg lífeðlisfræði, blanda af afar sérhæfðum smásmugulegum pælingum og áhersla lögð á að missa ekki sjónar á stóru myndinni. Það er mér sérstaklega minnstætt þegar Snjólaug Sveinsdóttir benti mér hreinskilnislega

„Það var eitthvað sem small við fyrstu kynni mín af barnalækningum, ég fann að ég var kominn á réttan stað. Kennslan var góð, mórallinn frábær, spennandi vandamál og ekkert mál að útskrifa sjúklingana heim.“



Júlíus Kristjánsson
nýburalæknir

á að þessi sérgrein ætti líklega afar vel við mig og er ég þakklátur henni fyrir að hjálpa mér að finna mína hillu. Það er ótrúlega gaman að fá að sinna heilbrigðum nýburum og flókinni gjörgæslu, auk langtímaeftirfylgdar, allt innan sömu sérgreinar. Vandamálin eru fjölbreytt og dagarnir líka, mikill breytileiki í álagi hentar mér vel auk vissunnar um að geta skilið vinnuna eftir á spítalanum í lok dags/nætur.

Leið mín lá til Gautaborgar til frekara náms, fyrst í barnalækningum og svo nýburalækningum í beinu framhaldi. Það var afskaplega góður tími, stundum óhóflega mikið að gera og margt að læra. En til þess er einmitt leikurinn gerður í undir sérgreinanámi. Ég bjó þar og starfaði og hjólaði í 7 ár þar til síðasta sumar, 2026, að ég hóf störf á Vökudeild Landspítala. Ég stundaði ekki rannsóknir að ráði samhliða sérnáminu en einbeitti mér þeim mun meira að því að dýpka klíniska þekkingu mína á öllum mögulegum hliðum nýburalækninga. Mér þótti hins vegar gaman að þeirri litlu rannsóknarvinnu sem ég stundaði en vildi ekki stíga skrefið til fulls því mér fannst ég ekki getað fundið svör við vandamálum flókíns sjúklingahóps áður en ég gæti mótað rannsóknarspurningu fullkomlega og treyst mér til að sökkva mér á bólakaf í hana. Ég held ég sé kannski loks að komast á þann stað nú, hver veit hvað framtíðin ber í skauti sér?